

Jafnlaunastefna Þjóðminjasafns Íslands

Tilgangur og gildissvið

Jafnlaunastefnan gildir fyrir allt starfsfólk sem hefur verið skipað í starf eða hefur gildandi ráðningarsamband við Þjóðminjasafn Íslands. Stefnan nær ekki til verktaka og starfsfólks í tímavinnu.

Jafnlaunastefna

Stefna Þjóðminjasafns Íslands er að allt starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni. Jafnlaunastefnan nær til alls starfsfólks Þjóðminjasafns Íslands og skal tryggja starfsfólki þau réttindi sem kveðið er á um í 6. grein laga nr. 150/2020. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjarasamninga og tryggi að sömu laun og sömu kjör séu fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf. Tryggja skal að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli mismunandi kjarasamninga.

- Til að fylgja jafnlaunastefnu skuldbindur Þjóðminjasafn Íslands sig til að:
- Viðhalda vottuðu jafnlaunastjórnunarkerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85, það skjalfest og því viðhaldið með stöðugum umbótum.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni. Kynna skal fyrir starfsfólki helstu niðurstöður launagreiningar sem er til úttektar nema persónuverndarhagsmunir mæli gegn því.
- Bregðast við frábrigðum með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Framkvæma innri úttekt á öllum útgefnum skjölum sem tilheyra jafnlaunastjórnunarkerfi eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
- Halda rýni stjórnenda árlega þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram og rýnd.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta hlítni við lög.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsfólki og skal hún vera aðgengileg á innri og ytri vef stofnunarinnar.

Þjóðminjavörður ber ábyrgð á jafnlaunastefnu sem er jafnframt launastefna stofnunarinnar. Mannauðsstjóri er fulltrúi jafnlaunastjórnunarkerfisins og skal starfsfólk leita til hans með athugasemdir eða fyrirspurnir.